

Nd.

166. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1928, um bann gegn dragnótaveiði í landhelgi.

Frá öðrum minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Með lögum nr. 27 20. júní 1923 var ríkisstjórninni veitt heimild til „þegar þess er krafizt og full ástæða þykir til, að takmarka eða banna notkun allskonar dragnóta, þar á meðal kolanóta — Snurrevaad - - í landhelgi“. Í 3. gr. laganna var ákveðið, að stjórnarráðið skyldi, áður en ákvörðun er tekin, leita álits „hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifélags Íslands“.

Á Alþingi 1928 voru svo sett ný lög um „bann gegn dragnótaveiði í landhelgi“. Samkvæmt þeim lögum eru dragnótaveiðar í landhelgi algerlega bannaðar 9 mánuði ársins, en leyfðar á tímabilinu frá 1. sept. til 1. des., þó með þeim takmörkunum, að ríkisstjórninni er eins og áður heimilt að ákveða frekari takmarkanir eða bann, ef krafa kemur þar um, og að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda og stjórnar Fiskifélagsins. Þannig eru hin svokölluðu „héraðabönn“ til orðin. Eftir kröfum íbúanna í einstökum landshlutum hefir ríkisstjórnin fyrirskipað algert bann gegn dragnótaveiði á tilteknum svæðum, og það einnig á þeim tíma (1. sept.—1. des.), sem veiðin annars væri heimil samkvæmt hinum almennu ákvæðum laganna.

Með bráðabirgðalögum nr. 85 6. júlí 1932 var lögnum frá 1928 breytt á þá leið, að leyfilegt skyldi að veiða með dragnót síðari hluta júlímánaðar, í ágústmánuði og í desembermánuði. Auk þess skyldi ráðherra geta veitt leyfi (til eins árs í senn) til dragnótaveiða allt að tveim mánuðum til viðbótar „meðfram einstökum lögsagnarumdæmum“. En þessi bráðabirgðalög voru felld á Alþingi 1933.

Þingið 1933 breytti hinsvegar lögnum frá 1928 með því að bæta við 2. gr. eftirfarandi ákvæði: „Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrahjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert. Á Breiðafirði og Faxaflóa skal slík veiði þó aðeins heimil skipum, sem skrásett eru innan lögsagnarumdæma, er að þeim liggja, öðrumhvorum eða báðum“.

Héraðabönn á þessu svæði voru þar með einnig afnumin.

Lagabreyting þessi átti að gilda til ársloka 1934. En á Alþingi 1934 var breytingin framlengd til tveggja ára, og gildir nú til ársloka 1936.

Gildandi fyrirmæli um þessi efni eru því til ársloka 1936 sem hér segir:

1. Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrahjargs eru leyfðar dragnótaveiðar í landhelgi frá 15. júní til 1. des. (5½ mán.). Veiðirétturinn á Faxaflóa og Breiðafirði er þó takmarkaður við skip úr tilteknum lögsagnarumdæmum.

2. Annarsstaðar við landið er dragnótaveiði bönnuð í 9 mánuði, en leyfð í

3 mánuði, nema á þeim svæðum, sem héraðabönnin taka til. Þar er veiðin alveg bönnuð.

Í frv. því, sem fyrir liggur, er lagt til að lengja him almenna veiðitíma um $2\frac{1}{2}$ mánuð, þannig að hann verði við landið allt $5\frac{1}{2}$ mánuður, frá 15. júní til 30. nóv. (eins og nú við hluta af landinu) og að héraðabönnin verði algerlega afnumin.

Á þetta getur undirritaður minni hluti eigi fallið.

Minni hlutinn telur, að fara verði sérstaklega gætilega í öllu því, er teljast mætti til þess fallið að draga úr verndun landhelginnar frá því, sem nú er, og telur ekki, að slíkt geti réttlætt sem kreppuráðstöfun.

Fiskimenn víðsvegar um land eru því mjög mótfallnir, að rýmkað verði um leyfi til dragnótaveiðanna, og afnám héraðabannanna sætir sérstaklega harðri mótspyrnu frá þeim, sem að þessum bönnum hafa staðið. Og meðan ágreiningur um áhrif þessarar veiðiaðferðar er svo mikill sem nú, virðist með öllu ófært að taka þennan sjálfsákvörðunarrétt af héruðunum. Enda myndi rýmkunin sumstaðar aðallega verða til hagsbóta fyrir útlendinga.

Á það má líka benda, að slík rýmkun sem þessi myndi ekki verða til að styrkja baráttu Íslendinga fyrir útfærslu landhelgislínunnar.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. marz 1936.

Gisli Guðmundsson,
frsm.

Sigurður Kristjánsson.